



Börn á gráu svæði og gildi snemmtækrar íhlutunar

Hanna Guðrún Pétursdóttir og Þórdís Rúriksdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs
Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild



HÁSKÓLI ÍSLANDS
MENNTAVÍSINDASVIÐ

Börn á gráu svæði og gildi snemmtækrar íhlutunar

Hanna Guðrún Pétursdóttir og Þórdís Rúriksdóttir

Lokaverkefni til BA-prófs í Þroskaþjálfafraeði

Leiðbeinandi: Anna Björk Sverrisdóttir

Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild

Menntavísindasvið Háskóla Íslands

Júní 2014

Börn á gráu svæði og gildi snemmtækrar íhlutunar

Ritgerð þessi er 10 eininga lokaverkefni til BA-prófs
í Þroskaþjálfafraeði við Íþróttá-, tómsunda- og þroskaþjálfadeild
Menntavísindasviði Háskóla Íslands

© Hanna Guðrún Pétursdóttir og Þórdís Rúriksdóttir 2014
Óheimilt að afrita ritgerðina á nokkurn hátt nema með leyfi höfunda.

Prentun: Bóksala kennaranema á Menntavísindasviði
Reykjavík, 2014

Ágrip

Viðfangsefni ritgerðarinnar sem hér er til umfjöllunar er börn á gráu svæði og gildi snemmtækrar íhlutunar. Þetta rit er heimildarritgerð og var efni hennar fundið með leit á fræðilegum heimildum og umfjöllun í fjölmiðlum skoðaðar með réttindi barna að leiðarljósi. Tvær íslenskar rannsóknir hafa fjallað um þennan hóp barna og má sjá í fjölmiðlum aukna umfjöllun um börn á gráu svæði síðustu ár. Bæði í rannsóknunum og fjölmiðlum má sjá að hópurinn á erfitt uppdráttar í skóla vegna vandamála, bæði tengt náminu og félagslega. Þá eiga börnin einnig sameiginlegt að vera ekki með greiningu og því fylgir þeim ekki fjármagn til skólans. Þá er komið inná í umræðu mikilvægi snemmtækrar íhlutunar fyrir börn á gráu svæði þar sem rannsóknir hafa sýnt að því fyrir sem byrjað er með íhlutun því betri árangri nær einstaklingurinn. Í umræðu ritsins má einnig sjá hvernig skólakerfið virðist mismuna börnum með því að bjóða sumum aðstoð á meðan önnur börn fá hana ekki. Er það ekki í takt við menntastefnu landsins sem leggur áherslu á að komið er til mót við börn á einstaklingsmiðaðan hátt. Réttindi barna leggja einnig sömu áherslu á að komið sé til móts við barnið og hindranir í samfélaginu ruddar úr vegi til að auka lífsgæði þeirra en börn á gráu svæði virðast ekki njóta þessa réttar í skólakerfinu.

Efnisyfirlit

Ágrip	3
Formáli	7
1 Inngangur	9
2 Börn á gráu svæði	11
2.1 Umfjöllun í rannsóknum	11
2.2 Umfjöllun í fjölmiðlum	15
2.3 Samantekt	16
3 Réttindi barna	17
3.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna	17
3.2 Salamanca yfirlýsing	18
3.3 Skóli án aðgreiningar	18
3.4 Aðalnámskrá grunnskóla	21
3.5 Mismunandi sjónarhorn á fötlun	22
3.6 Samantekt	22
4 Snemmtæk íhlutun	25
4.1 Upphaf snemmtækrar íhlutunar	25
4.2 Vistfræðikenning Bronfenbrenner	27
4.3 Þróun snemmtækrar íhlutunar	28
4.4 Gildi snemmtækrar íhlutunar	29
4.5 Samantekt	30
5 Umræður	33
6 Íhlutunarleiðir	37
6.1 Vinir Zippýs	37
6.2 CAT-kassinn	38
6.3 ART 39	
6.4 Félagshæfnisögur	40
6.5 Fjölkerfameðferð (MST)	40
6.6 Hugræn Atferlismeðferð (HAM)	41
7 Lokaorð	43

8	Heimildaskrá.....	45
----------	--------------------------	-----------

Formáli

Verkefni þetta er 10 eininga ritgerð til BA-prófs í Þroskaþjálfafraeðum í Menntavísindadeild við Háskóla Íslands á vorönn 2014. Val okkar á efni verkefnisins varð til af áhuga okkar á börnum í grunnskólum sem eiga erfitt uppdráttar en fá litla sem enga aðstoð, sem og áhuga okkar á snemmtækri íhlutun og hugmyndum okkar hvernig megi nýta hinar ýmsu aðferðir sem til eru til að hjálpa þessum hópi barna.

Leiðbeinandi okkar í þessu lokaverkefni er Anna Björk Sverrisdóttir þroskaþjálfari og er hún einnig með MA-gráðu í Menntunarfræði, henni færum við okkar bestu þakkir fyrir góða leiðsögn og gott samstarf. Eins viljum við þakka mökum okkar þeim Halldóri Rafni og Hauki Sveini fyrir ómetanlegan stuðning á meðan á námi okkar stóð, einnig börnum okkar fyrir mikla þolinmæði og umburðarlyndi. Þá viljum við einnig þakka fjölskyldum okkar og vinum fyrir þösson og annað uppihald þegar mæðurnar voru ekki til taks. Að lokum viljum við þakka Guðnýju Pétursdóttur og Hrund Guðmundsdóttur fyrir andlega hvatningu, yfirlestur á verkefni þessu og góð ráð.

Þetta lokaverkefni er samið af okkur undirrituðum. Við höfum kynnt okkur *Síðareglur Háskóla Íslands* (2003, 7. nóvember, <http://www.hi.is/is/skolinn/sidareglur>) og fylgt þeim samkvæmt bestu vitund. Við vísum til alls efnis sem við höfum sótt til annarra eða fyrri eigin verka, hvort sem um er að ræða ábendingar, myndir, efni eða orðalag. Við þökkum öllum sem lagt hafa okkur lið með einum eða öðrum hætti en berum sjálf(ar/ir) ábyrgð á því sem missagt kann að vera. Þetta staðfestum við með undirskrift okkar.

Reykjavík, _____._____ 20__

1 Inngangur

Að undanfögnu hefur verið tíðrætt um börn á gráu svæði í fjölmiðlum og er þar átt við börn og ungmenni sem orðið hafa afvega í lífinu og jafnvel leiðst út í fíkniefnaneyslu. Í umfjöllun menntastofnana er einnig rætt um börn á gráu svæði en skilgreiningin er ekki sú sama og er oft notuð í heimi fjölmiðla. Þær rannsóknir sem gerðar hafa verið hér á landi um börn á gráu svæði fjalla um börn sem hafa ekki greiningar frá greiningarstöð Íslands eða öðrum viðurkenndum greiningaraðilum og eru jafnvel rétt undir viðmiðunarlínum í skimunum og prófum sem fyrir þau eru lögð en stríða samt við vandamál í skóla, ýmist félagsleg og/eða námsleg (Sigurborg Inga Sigurðardóttir, 2009). Í aðalnámskrá grunnskóla hér á landi kemur fram að það er réttur barna að þeim skuli vera mætt á þeirra forsendum og þeim gert kleift að vera virkir þátttakendur í skólastarfi.

Áhugi á þessum efnisflokki vaknaði í verknámi okkar á sjötta misseri náms okkar, sem átti sér stað í grunnskólum, en einnig vegna mikilar umfjöllunar í fjölmiðlum um börn á gráu svæði upp á síðkastið. Samræður við samnemendur og kennara okkar hafa einnig verið hvetjandi fyrir okkur til að fjalla nánar um snemmtæka íhlutun og hefur það leitt til eftirfarandi rannsóknarspurningar: Hvaða hópur barna er talinn á gráu svæði og hvaða gildi gæti snemmtæk íhlutun haft fyrir þennan hóp?

Við ætlum að byrja á að skoða hvaða hópur barna það er sem talað er um sem börn á gráu svæði. Í öðrum hluta förum við yfir lög og reglugerðir sem viðkoma börnum og grunnskólum á Íslandi, eins og lög um grunnskóla, aðalnámskrá grunnskólanna, Salamanca yfirlýsinguna, skóla án aðgreiningar og Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þar munum við einnig koma inn á ólík sjónarhorn á fötlun og hvernig hún endurspeglast í skólasamfélaginu.

Í þriðja hluta ritgerðarinnar munum við taka fyrir snemmtæka íhlutun, skoða upphaf hennar og hvaða þróun hefur orðið í þessum málefnum. Þá munum við einnig fara yfir mikilvægi snemmtækrar íhlutunar og hvernig hún gæti nýst þeim börnum sem eru á “gráa svæðinu” og segjum frá vistfræðikenningu Bronfenbrenners og hvernig hún hefur haft áhrif á þróun snemmtækrar íhlutunar. Í fjórða hluta munum við draga saman efnið í umræður þar sem við tengjum saman fyrri kafla. Að lokum verður komið inn á hugmyndir um íhlutunarleiðir sem við teljum að gæti nýst þessum hópi barna.

2 Börn á gráu svæði

Í þessum kafla verður leitast við að varpa ljósi á ólíkar skilgreiningar á hugtakasambandinu „börn á gráu svæði“. Markmið þessa kafla er að skoða hvernig fjallað er um börn á gráu svæði og hvaða börn falla undir þetta hugtak. Farið verður yfir tvær rannsóknir sem fjalla um þennan hóp og þær ítarlega skoðaðar. Eftir að gert verður grein fyrir rannsóknunum verður farið yfir hvernig fjallað er um börn á gráu svæði í fjölmiðlum og það tengt við rannsóknirnar. Í lok kaflans verður samantekt og umræður um efni kaflans.

2.1 Umfjöllun í rannsóknum

Lítið hefur verið fjallað um þetta málefni og er því skilgreiningin gráa svæðið opin og víð. Sálfræðingurinn Páll Magnússon (2012) skilgreinir börn á gráu svæði sem bilið milli hins venjulega fjölbreytileika og gagntækra þroskaraskana. Með venjulegum fjölbreytileika á hann við líka hæfni einstaklinga í mannlegum samkiptum án þess að hún teljist hamlandi fyrir einstaklinga í daglegu lífi. Þá bendir hann á að fræðimenn á sviði námserfiðleika skilgreina börn á gráu svæði með félagstilfinningalega námserfiðleika. Árið 1997 nefnir Páll Magnússon einnig gráa svæðið í tímaritinu Umsjón. Þar segir hann að þeir einstaklingar sem teljast til gráa svæðisins eru þeir sem eru á einhverfurófinu og sýna sérstök mynstur frávíka í vitsmunaproska. Einnig geta einstaklingar á gráu svæði átt erfitt með að feta sig í fótspor annara ásamt því að eiga í erfiðleikum í félagsamskiptum (Páll Magnússon, 1997).

Hér verður farið yfir tvær íslenskar rannsóknir um börn á gráu svæði, önnur er eftir Erlu Dögg Kristjánsdóttur (2013) og hin eftir Sigurborgu Ingu Sigurðardóttur (2009). Rannsóknirnar tvær eiga það sameiginlegt að fjalla um börn sem fá lítinn stuðning innan grunnskólans og kalla þær báðar þann hóp börn á gráu svæði. Þónokkur munur er á rannsóknunum, en Sigurborg (2009) fjallar um hvernig kennsluhættir og aðferðir skipta máli fyrir börn á gráu svæði. Erla Dögg (2013) fjallar um viðhorf foreldra barna sem eiga mjög erfitt í skóla, en fá enga aukna aðstoð því þau hafa enga læknisfræðilega greiningu og lenda þar af leiðandi á gráu svæði.

Í rannsókn Sigurborgar Ingu Sigurðardóttur (2009) sem ber heitið Fimleikahópar eða farþegar: nemendur á gráu svæði í grunnskóla, rannsakar hún hvernig skólar takast á við námsvanda nemenda sem ekki eru með greiningu frá fagaðila. Þessum nemendum gengur illa að fóta sig í skóla og eru oftast rétt fyrir ofan viðmið í skimunum og öðrum prófum sem lögð hafa verið fyrir nemendurna, en Sigurborg Inga skilgreinir þennan hóp sem börn á gráu svæði.

Nemendahópurinn var fundinn með því að skoða niðurstöður skimana og prófana frá upphafi skólagöngu þeirra. Þá voru valdir tíu umsjónarkennarar, einn úr hverjum árgangi, og þeim skipt í tvo rýnihópa. Mikið var lagt upp með virkri þátttöku kennara í rýnihópunum til að stuðla að markmiði rannsóknarinnar, en það var að gera góðan skóla betri. Þá var einnig markmið rannsóknarinnar að vekja upp umræðu um kennsluaðferðir og kennsluhætti meðal kennara og kanna viðhorf þeirra til þessa hóps nemenda og athuga hvort tekist hefði að efla þennan hóp nemenda í námi (Sigurborg Inga Sigurðardóttir, 2009).

Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að af tuttugu nemendum sem féllu undir gráa svæði náðu fjórtán nemendur að koma sér á strik í náminu, en það sem vakti enn fremur athygli var að kennararnir voru ekki meðvitaðir um hver þáttur þeirra í þessari framför nemendanna var. Með markvissri vinnu rýnihópanna náðu þeir að greina starf sitt, hefðir og leiðir sem voru viðhöfð í skólanum og skiluðu góðum árangri. Kennslufræðileg nálgun á yngsta stigi grunnskólans tók vel til nemenda á gráa svæðinu. Þá er einnig meiri stuðningur og sérkennsla á yngsta stiginu og virðist það vera að skila sér. Fjölbreyttar kennsluaðferðir og einstaklingsmiðað nám á yngsta stigi skólans voru talin ná til breiðs hóps nemenda með misjafna námsgetu. Þegar komið var upp í efri bekki skólans var útlitið ekki eins gott, kennsluhættir voru ekki eins sveigjanlegir og kennsluform orðið mikið hefðbundnara, en það kom fram að kennarar væru oft að leita leiða til að auka fjölbreytileika kennsluaðferða en einnig töluðu þeir um í rannsókninni að auka þyrfti samvinnu og hópastarf innan unglingastigsins. Þá kom fram að nauðsynlegt er að leita leiða til að koma til móts við þau börn sem eru með óuppögvaðan námsvanda þegar þau koma á mið- eða unglingastig, þar má gera mikið betur að mati Sigurborgar Ingu. Einnig er hópur af nemendum sem þarf að huga sérstaklega að, en það eru þau börn á gráu svæði sem í þokkabót hafa veikt bakland (Sigurborg Inga Sigurðardóttir, 2009).

Þá taldi Sigurborg Inga (2009) þörf á því að vekja máls á því meðal kennara hvernig niðurstöður skimana eigi að nýtast og jafnframt þurfi að hvetja kennara að vera vakandi og koma til móts við námsþarfir nemenda á gráa svæðinu. Sigurborg Inga nefnir einnig að kennarar þurfi að gæta þess að varpa ábyrgðinni ekki of mikið á foreldra nemenda á gráa svæðinu sem eru með veikt bakland og þurfi kennarar að fara í lausnaleit til að koma á móts við þessa nemendur og veita nemendum og fjölskyldu allan þann stuðning sem mögulegt er.

Sigurborg Inga talar um nemendur á gráu svæði sem fá ekki neina greiningu en dansa oft á línunni og standa höllum fæti í skólanum. Það sýnir sig í rannsókn Sigurborgar Ingu að á yngsta stigi skólans virðast vera fjölbreytilegri kennsluhættir, námið meira einstaklingsmiðað, og nokkuð um stuðning og sérkennslu sem virðist skila sér til nemenda á gráa svæðinu, en svo þegar í efri bekkina er komið virðist sem svo að kennslan týni fjölbreytileikanum, kennslan falli í hefðbundnara form með bóklegri nálgun og sveigjanleikin sem yngsta stigið hafði hverfi. Kennarar virtust meðvitaðir um þetta og tilbúnir að leita leiða til að breyta þessu (Sigurborg Inga Sigurðardóttir, 2009).

Rannsóknin „Hann er ekki nógu lélegur til að fá stuðninginn sem hann þarf“ – Viðhorf foreldra til stuðnings og þjónustu innan grunnskólans er eigindleg rannsókn Erlu Daggar Kristjánsdóttur (2013) þar sem tekin voru sex viðtöl við átta foreldra barna á aldrinum tíu til tólf ára frá mismunandi grunnskólum á Íslandi. Öll börnin áttu það sameiginlegt að eiga við fjölbætt vandamál að stríða í skóla en höfðu ekki fengið formlega læknisfræðilega greiningu. Markmið rannsóknarinnar var að svara spurningum um stuðning og þjónustu sem börnum á gráu svæði stendur til boða ásamt hverjar þarfir þessa hóps eru og hver vandinn er.

Í rannsókninni skilgreinir Erla Dögg (2013) börn á gráu svæði þau börn sem glíma við ýmis vandamál í skóla sem og utan hans. Umfjöllun hennar nær til barna í 5.-7. bekk grunnskóla sem glíma við félagslegan vanda, námsvanda eða bæði þ.e. félagstilfinningalega námserfiðleika sem uppfylla ekki greiningarviðmið fyrir fötlun eða röskun. Einnig börn sem bíða eftir greiningu, eða hafa ekki farið í greiningu en þurfa samt á stuðningi að halda. Dæmi um félagsvanda hjá börnum á gráu svæði er hegðunarvandi, er að þau verða fyrir einelti, finna fyrir tengslaleysi, óöryggi, og um koma gjarnan skapgerðarrestir, samskiptaörðuleikar og stríðni.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að börnin eru allajafna ekki að fá þann stuðning sem þau þurfa og virðist vera að grunnskólarnir séu ekki með einstaklingsmiðaða nálgun innan skólans. Skortur á fjárveitingu til skólans brann mikið á vörum foreldranna og var hann oft ástæða stuðningsleysisins. Hugmyndafræðin skóli án aðgreiningar er flott að mati foreldranna en mat þeirra er að framkvæmd hennar í dag er ekki nógu góð. Að mati foreldranna þarf að fjölga starfsfólki, breyta viðhorfum og kennsluaðferðum ásamt því að bæta við aukinni einstaklingsmiðaðri aðstoð. Áberandi fannst viðmælendunum rannsóknarinnar að skólinn horfi á hópinn en ekki einstaklinginn eins og kerfið er í dag, börnin fá ekki tækifæri til að vera þau sjálf þegar þau þurfa stöðugt að passa inn í einhvern fyrirfram ákveðinn kassa (Erla Dögg Kristjánsdóttir, 2013).

Foreldrarnir vilja sjá fjölbreyttari kennsluaðferðir, með því kæmi meiri einstaklingsnálgun á námið. Öll voru þau sammála um að bæta þyrfti meiri verklegri kennslu og minnka bóklegt nám. Verkleg kennsla kæmi sér vel fyrir börn sem eiga erfitt með bóklegt nám, styrkleikar þeirra liggja í verklegum verkefnum og myndi það auka sjálfstraust þeirra og öryggi innan skólans að mati foreldranna. Lítið fannst þeim um að unnið væri sérstaklega með félagslegan stuðning og honum verulega ábótavant (Erla Dögg Kristjánsdóttir, 2013).

Börn viðmælenda rannsóknarinnar eiga það öll sameiginlegt að eiga erfitt í skóla en eru ekki eða hafa ekki uppfyllt greiningarviðmið fyrir fötlun eða röskun. Engu að síður þurfa þau á stuðning að halda í skólanum vegna erfiðleika. Foreldrarnir töluðu allir um stuðningsleysi eða þjónustuleysi í skólanum vegna þess að barnið þeirra væri ekki með greiningu og töldu þau öll að öðruvísi væri staðið að barninu þeirra ef greining væri fyrir hendi (Erla Dögg Kristjánsdóttir, 2013). Þegar spurt var út í framtíðina voru svörin frekar þung hjá foreldrunum og óttast þau hana. Mörg höfðu áhyggjur að stuðningsleysið myndi halda áfram (Erla Dögg Kristjánsdóttir, 2013).

Rannsóknirnar lýsa báðar börnum á gráu svæði sem nemendum í grunnskóla þar sem ekki er komið til móts við þarfir þeirra. Það er sá hópur barna sem hefur ekki fengið greiningar eða er í greiningarferli og fær því ekki viðeigandi stuðning innan skólans. Börnum á gráu svæði hentar vel einstaklingsmiðað nám og auka stuðning í kennslustofunni ásamt fjölbreyttari kennsluháttum.

Þá skiptir viðhorf starfsfólks og þekking þeirra um sérþarfir barna miklu máli svo það geti gert sér grein fyrir þörfum barnanna (Sigurborg Inga Sigurðardóttir, 2009). Stuðningsleysi er mikið þegar kemur að börnum á gráu svæði og má rekja það til þess að með börnunum fylgir sjaldan fjármagn til skóla vegna greiningarleysis. Börn á gráu svæði eiga oft erfitt námslega ásamt því að vera með erfiða hegðun og því mikilvægt fyrir þau að fá stuðning en skólarnir virðast vera tregir að veita hann (Erla Dögg Kristjánsdóttir, 2013).

2.2 Umfjöllun í fjölmiðlum

Sömu sögu er að segja þegar fjölmiðlar eru skoðaðir. Börn á gráu svæði eru þau börn sem verða utanvelta í kerfinu vegna þess að þau annað hvort ná ekki greiningarviðmiðum eða eru með of margar og flóknar greiningar þannig að þau passa hvergi inn (Kristinn Ingvarsson, 2014). Stuðnings- og úrræðaleyfi er áberandi í fjölmiðlum og segir Bergþóra Njála Guðmundsdóttir (2009a) frá erfiðleikum barna með einhverfu, hvernig þau fá enga þjónustu fyrr en þau fá greiningu og eru þau því á gráu svæði þangað til. Börn með einhverfu verða ekki einhverf frá deginum sem þau greinast heldur hafa þau átt erfitt frá blautu barnsbeini og er því mikilvægt að fá aðstoð sem fyrst. Mikilvægt er að grípa snemma inn hjá börnum þegar grunur vaknar um einhverfu og því fyrr því betra. Snemmtæk íhlutun er mikilvæg á leikskólaaldri og þarf að byrja strax þó greining hafi ekki verið staðfest (Bergþóra Njála Njálsdóttir, 2009b). Sigríður Víðis Jónsdóttir (2006) segir frá reynslu foreldra átta ára stúlku sem er með fjölpætt vandamál sem tengjast erfiðri hegðun og lélegri námsgetu. Greiningar sem stúlkan hefur fengið duga ekki til að stúlkan fái þann stuðning sem hana vantar til að sitja skólann. Foreldrum stúlkunnar hefur verið tilkynnt að barnið kosti of mikið, bæði af skólanum og sveitarfélaginu. Ekkert úrræði hentar barninu því það er á gráu svæði, svæði þar sem það er ekki með nógu miklar greiningar til að fá stuðning en er með of mikinn vanda til að vera stuðningslaust.

Andri Karl Ásgeirsson (2008) fjallar um meðferðaúrræðaleyfi barna á gráu svæði. Þar talar hann um úrræðaleyfi fyrir börn sem komin eru í vímuefnavanda en úrræðin eru einungis hönnuð fyrir að takast á við fíkniefnavandann en um leið og börnin hafa einnig einhversskonar skerðingu passa þau ekki inn og því ekkert úrræði í boði fyrir þau.

Erla Björg Gunnarsdóttir (2013) kemur einnig inn á úrræðaleysið fyrir börn á gráu svæði sem komin eru út í vímuefnavanda. Þar talar hún um hvernig úrræðum hefur fækkað síðustu ár og er skortur á úrræðum fyrir börn með fjölþættan vanda t.d. geðröskun, fíkniefnavanda og jafnvel þroskaskerðingu. Þessi hópur barna passar hvergi inn í úrræðin sem eru til staðar vegna þess hversu fjölþætt þörfin þeirra er og vantar því úrræði með einstaklingsmiðaðri nálgun.

2.3 Samantekt

Eftir að hafa skoðað efnið þar sem fram kemur skilgreining á börnum á gráu svæði kemur í ljós hversu víð þessi skilgreining getur verið. Sameiginlegt með þessum skilgreiningum er að þessi hópur virðist hvergi passa. Áberandi er að talað sé um börn á gráu svæði sem ekki hafa greiningar en hafa vanda sem kemur í veg fyrir að þau njóti sömu réttinda og önnur börn. Hjá Sigurborg Ingu Sigurðardóttur kemur fram að börnum á gráu svæði gengur illa í skóla, eiga við námsvanda að stríða og þurfa einstaklingsmiðað nám og kennslu. Þetta eru börn sem falla illa inn í hópamiðað nám og geta lent í félagslegum vandræðum. Erla Dögg Kristjánsdóttir kemur inn á vandamál barna á gráu svæði þar sem börnin glíma við ýmiskonar vandamál eins og hegðunarvanda, einelti, tengslaleysi, óöryggi, skapgerðarþrestir, samskiptaörðuleika og stríðni. Börnin fá ekki þjónustu við hæfi því þau uppfylla ekki viðmið til greiningar og ná einnig ekki viðmiðum til að falla undir málefni fatlaðs fólks. Skortur á fjármagni var oft talinn ástæða fyrir þjónustuleysi og gekk börnum mjög illa í skólanum vegna stuðningsleysi og félagsvandamála. Fjölmíðlar höfðu sömu sögu að segja um börn á gráu svæði, en þar mátti sjá frásögn foreldra og annara aðstandenda sem lýsa baráttu þessara barna þar sem þeim hefur gengið mjög illa að aðlagast samfélaginu og mörg þessara barna endað í fíkniefnum. Úrræðaleysi fyrir þessi börn var áberandi umræðuefni, þörf er fyrir úrræði sem tekur mið að því að þessi hópur barna þarf á einstaklingsmiðaðri þjónustu að halda, hvort sem er í skóla eða meðferðarúrræði.

Börn á gráu svæði eru börn sem þurfa á stuðningi og þjónustu að halda en falla á milli í kerfinu sem gerir það að verkum að þeim fylgir ekki fjármagn og þau fá því ekki viðeigandi aðstoð. Í næsta kafla verður farið yfir hver réttindi þessa barna eru og hvað segir í lögum um skólagöngu þessa hóps.

3 Réttindi barna

Í þessum kafla verður fjallað um réttindi barna með því að fara yfir Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og Salamanca yfirlýsinguna. Því næst verður farið yfir stefnu skóla án aðgreiningar, aðalanámskrá grunnskólanna og grunnskólalögin og þau skoðuð með tilliti til barna á gráu svæði. Þá verður fjallað um ólíka sýn á fötlun og hvernig hún tengist skólasamfélaginu og í lokin endað á samantekt og umræðum.

3.1 Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna

Árið 1989 samþykkti allsherjarnefnd Sameinuðu þjóðanna samning um réttindi barna og hlaut samningurinn nafnið Barnasáttmálinn. Árið 1992 fékk Barnasáttmálinn fullgildingu hér á landi og hefur hann verið samþykktur í 192 aðildarríkjum. Fullgilding felur í sér að Ísland skuldbindur sig til að fara eftir sáttmálanum og að hann sé hafður til hliðsjónar þegar setja á lög hvað varðar börn. Á Íslandi eru einstaklingar undir átján ára aldri taldir vera börn og falla því undir Barnasáttmálann. Í honum kemur fram að börn þurfi meiri vernd en fullorðnir. Barnasáttmálinn kemur inn á flest sem viðkemur börnum, þar með talið jafnræði, ábyrgð, skoðanir, tjá- og trúfrelsi, umönnun, vernd gegn ofbeldi og vanrækslu (Þórhildur Línadal, 2007).

Sú grein sem helst tengist réttindum barna á gráu svæðinu er önnur grein Barnasáttmálans en þar er rætt um jafnræði, bann við mismunun án tillits til aðstæðna, stöðu barna eða foreldra. Þá kemur fram í þriðju grein að alltaf skuli hafa hag barnsins í fyrirrúmi í öllu og beri stofnunum sem annast börn að uppfylla reglur stjórnvalda. Í sjöttu grein sáttmálans segir að sérhvert barn eigi rétt til lífs og þroska. Einnig er fjallað um í tuttugustu og þriðju grein að börnum með einhverskonar skerðingu ber að fá viðeigandi úrræði (þjálfun, menntun, endurhæfingu) til að aðstoða þau til sjálfsbjargar og virkrar þátttöku í samfélaginu. Þá kemur fram í 27. grein að börn skuli búa við réttar aðstæður sem stuðla að alhliða þroska, líkamlegum, andlegum og félagslegum. Þar kemur einnig fram að foreldrar bera höfuð ábyrgð á lífsskilyrðum og framfærslu barna en þá skulu aðildarríki tryggja foreldrum fjárhagsaðstoð og stuðningsúrræði ef þörf er á.

Einnig er fjallað um menntun barna í grein nr. 28 en þar kemur fram að öll börn skuli eiga rétt á grunnenntun og skuli eiga kost á framhaldsnámi.

Aðildarríkjum ber að stuðla að reglulegri skólasókn og draga úr brottfalli nemenda. Þá kemur grein nr. 29 inn á markmið menntunar og þar segir að öll börn skuli fá tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa sig undir að lifa ábyrgu lífi í frjálsu þjóðfélagi (Umboðsmaður barna, e.d.).

3.2 Salamanca yfirlýsing

Salamanca yfirlýsingin er alþjóðleg yfirlýsing og rammaáætlun frá árinu 1994 sem er grundvöllur stefnu og framkvæmda í málefnum nemenda með sérþarfir. Hún er unnin á grundvelli mannréttindayfirlýsingar Sameinuðu þjóðanna. Salamanca áætlunin byggir á hugmyndinni að kennsla eigi að vera einstaklingsmiðuð og þurfi að aðlaga að nemendum, nemandinn eigi ekki að þurfa að aðlaga sig kennslunni. Áætlunin kemur inn á ólíka þætti sem hafa áhrif á grunnskólana og getu þeirra til að sinna nemendum með sérþarfir. Þar kemur fram að stefnumótun yfirvalda þarf að vera skýr og veita þarf skólum nægilegt fjármagn til að sinna öllum nemendum og ólíkum þörfum þeirra. Í yfirlýsingunni kemur einnig fram að öll börn eru mismunandi og öll hafa þau einhverja hæfileika og áhugamál. Þá ber skólunum sjálfum að sjá til þess að starfsmenn skólans fái viðeigandi þjálfun og fræðslu, kennslufni skólans og námsmat skal vera sveigjanlegt. Bent er á að skólinn skuli endurskoða starf sitt og þannig stuðla að breyttu viðhorfi til skóla án aðgreiningar (Salamanca-yfirlýsingin, 1994).

3.3 Skóli án aðgreiningar

Grunnskólar landsins starfa eftir lögum um grunnskóla (2008) og aðalnámskrá grunnskóla (2011), þá taka grunnskólalögin og aðalnámskráin mið af Barnasáttmálanum og Salamanca-yfirlýsingunni. Allt er þetta svo fléttað inn í skólastarfið og réttindi einstaklingsins til náms. Einnig starfar hver skóli eftir skólastefnu síns sveitarfélags og þannig myndar hver skóli sína skólastefnu. Þá skulu allir grunnskólar fara eftir settum lögum (Lög um grunnskóla, 2008).

Samkvæmt lögum nr. 91 um grunnskóla (2008) á Íslandi nefnast skólar sem bjóða upp á nám á grunnskólastigi grunnskólar og er skólaskylda á Íslandi í tíu ár eða frá 6-16 ára.

Markmið laga um grunnskóla er að stuðla að alhliða þroska og þátttöku nemenda í lýðræðisþjóðfélagi í samvinnu við heimili. Skólanum ber að haga störfum sínum í samræmi við stöðu og þarfir nemanda sinna og þannig stuðla að alhliða þroska og menntun hvers og eins. Þá ber grunnskólum að stuðla að viðsýni og efla færni einstaklingsins til sköpunar og hvetja til sjálfstæðra hugsana. Starfshættir grunnskóla eiga meðal annars að mótast af umburðarlyndi, kærleik, jafnrétti, lýðræðislegu samstarfi og virðingu fyrir manngildi. Þá skal vera gott samstarf milli heimilis og skóla með því markmiði að tryggja farsælt skólastarf, almenna velferð og öryggi nemenda.

Gildandi lög um grunnskóla á Íslandi kveða á um að allir nemendur eigi rétt á að að geta stundað nám í almennum skóla einnig kemur þar fram að Skóli án aðgreiningar sé menntastefna sem skuli ríkja á Íslandi. Í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla nr. 585/2010 kemur fram að Skóli án aðgreiningar sé stefna og segir hún að allir nemendur eigi að geta stundað grunnskóla í sinni heimabyggð eða nærumhverfi hverjar sem sérþarfir nemandans eru. Þá á stefnan að koma til móts við náms- og félagslegar þarfir hans í almennum skólastarfi með manngildi, lýðræði og félagslegt réttlæti að leiðarljósi. Einnig kemur fram að nemendur með sérþarfir eiga rétt á að komið sé til móts við þá með námsaðferðum við þeirra hæfi í almennum skóla án aðgreiningar. Þó geta foreldrar óskað eftir skólavist í öðrum skóla vegna sérúrræðis eða stefnu sem hentar barninu (Lög um grunnskóla nr. 91/2008).

Margar skilgreiningar eru á stefnunni Skóla án aðgreiningar en þá er meginskilgreiningin oftast sú sama og það er að í skóla án aðgreiningar skulu ríkja mikil virðing fyrir nemendum og fjölbreytileika þeirra. Eða eins og Rannveig lýsir stefnuninni Skóla án aðgreiningar í rannsókn sinni sem birtist í tímaritinu Glæðum:

Skóli án aðgreiningar er ferli þar sem umbótum í almennri kennslu og sérkennslu er blandað saman þannig að úr verði eitt almennt menntakerfi sem miðast við það að öll börn og ungmenni séu virkir, fullgildir þátttakendur í skólasamfélaginu. Margbreytileikinn verður þannig viðurkenndur sem hið venjulega. Slíkur skóli tryggir öllum nemendum nám við hæfi og árangursríka kennslu sem tekur mið af þörfum hvers og eins, sem og nauðsynlegastan stuðning.

Samkvæmt þessu ber almennum skólum og starfsfólki að skapa hvetjandi námsumhverfi og kennsluaðferðir og viðeigandi aðstæður og úrræði fyrir öll börn (Rannveig Klara Matthíasdóttir, 2012).

Í skýrslu frístundaráðs Reykjavíkur um skóla án aðgreiningar (2010), kemur fram að í stefnunni Skóla án aðgreiningar eru eftirfarandi þættir hafðir að leiðarljósi: Að skólar skulu vinna markvisst að því að koma í veg fyrir hindranir og ryðja þeim úr vegi svo þeir standi ekki í vegi fyrir námi, auknum þroska og virkri þátttöku nemendanna. Þá skal skólinn leita nýrra leiða og úrræða til að styðja nemendur við nám og virka þátttöku í skólastarfi. Einnig er lögð mikil áhersla á að allir axli sameiginlega ábyrgð í skólasamfélaginu. Þá koma grunnskólalögin einnig inn á það í 2. grein og þar stendur að nám skuli vera aðlagð forsendum hvers og eins nemenda, þannig að námskerfið er hvetjandi og nemendur geti notið hæfileika sína og fundið til öryggis. Jafnframt kemur fram í þrettánda grein grunnskólalaga að grunnskólinn sé vinnustaður nemenda og eiga allir rétt á viðeigandi kennslu sem stuðlar að vellíðan og mæti þörfum þeirra. Grunnskólinn skal sjá til þess að allir nemendur finni til öryggis, njóti hæfileika sinna og bernsku í öllu skólastarfi. Gæta skal að vinnuálag í skóla sé hæfilegt og nemendur fái nægilega hvíld frá skipulögðu skólastarfi. Allir skulu hafa umsjónarkennara og skulu fá að njóta bernskunar og á vinnuálagið að taka mið af þroska hvers og eins. Þá skulu nemendur fá tækifæri til að koma óskum sínum um nám, námsumhverfi og annað sem viðkemur skólastarfi og varðar nemendur á framfæri. Starfsfólk grunnskóla skulu gæta þagmælsku um hagi barna og foreldra þeirra. Í sautjándu grein kemur einnig fram að öll börn eigi rétt á að komið sé til móts við námsþarfir þeirra í þeirra hverfisskóla og það án sérstakrar aðgreiningar. Ef metið er svo að barn hafi sérstaka námsörðugleika vegna fötlunar, tilfinningalegra eða félagslegra örðugleika skal barnið fá stuðning í samræmi við það. Ef hverfisskóli barnsins hentar því ekki, geta foreldrar sótt um skólavist í öðrum skóla (Lög um grunnskóla nr.91/2008).

3.4 Aðalnámskrá grunnskóla

Í aðalnámskrá grunnskóla kemur fram að nám skuli taka mið af hverju og einu barni og skulu kennarar leggja sig fram við að kynnast hverju barni fyrir sig. Þá skulu foreldrar vera hafðir með í ráðum þegar gera á markmið fyrir námsframvindu barna sinna og á skólinn að leggja sig fram í að útrýma mismunun og aðgreiningum innan skólans. Í kennslu skulu ríkja fjölbreytt vinnubrögð og kennsluaðferðir (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011). Í aðalnámskrá grunnskóla stendur að hún sé reist á 6 grunnþáttum menntunnar, þeir eru: Læsi, sjálfsbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun. Þá skulu þessir sex grunnþættir menntunnar vera fléttaðir inn í allt námið og vera sýnilegir í öllu skólastarfi og koma fram í inntaki námsgreina. Aðalnámskráin kemur inn á að meginhlutverk leik-, grunn- og framhaldsskóla er að stuðla að menntun allra nemenda og skal skólinn leitast við að haga störfum sínum með tilliti til stöðu og þarfa nemenda. Einnig kemur fram að starfshættir skólans skulu vera byggðir á umburðarlyndi, jafnrétti og lýðræðislegu samstarfi (Aðalnámskrá grunnskóla, 2011).

Kafli 7.8 í aðalnámskrá fjallar um forvarnir en þar kemur fram að skólinn skuli stuðla að góðri andlegri, líkamlegri og félagslegri heilsu. Skólinn skal vinna markvisst að forvörnum gegn hinum almennu vímuegðum sem og net- og spilafíkn. Þá skal grunnskólinn vera með skýrar áætlanir í forvörnum gegn einelti, ofbeldi, slysum og öryggismálum. Kafli 7.9 segir til um að skólinn skuli stuðla að og byggja upp gott samstarf við nærumhverfið sitt. Þar er talað um mikilvægi góðra tengsla og samskipta milli skólans og nærumhverfis hans, þá skal ríkja gagnkvæm virðing á skyldum og þörfum allra nemenda. Í 20. grein Reglugerðar um nemendur með sérþarfir í grunnskóla frá árinu 2010 kemur fram að meta skuli þroska og stöðu nemenda í námi áður en nemandi er tekin úr almennum bekk og settur í sérdeild eða sérskóla. Þá ber að taka tillit til heildaraðstæðna hjá nemanda þegar mat á sér stað. Fyrir allar slíkar athuganir skal vera fengið samþykki frá foreldrum eða forráðamönnum áður en athugun er gerð. Þeir nemendur sem teljast vera með sérþarfir eru þeir sem eiga erfitt með nám sökum sérstakra námsörðugleika, tilfinningalegra eða félagslegra erfiðleika, nemendur með þroskaröskun, leshömlun, fötlun, geðraskanir, langveikir nemendur og eða með aðra heilsutengdar sérþarfir. (Reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla, 2010).

Með þessari reglugerð er verið að tryggja öllum nemendum jöfn tækifæri til náms og virkrar þátttöku í skólanum og á eigin forsendum.

3.5 Mismunandi sjónarhorn á fötlun

Börn á gráu svæði eiga erfitt uppdráttar í skólanum og eins og komið hefur fram má rekja það til stuðningsleysi, viðhorf starfsfólks og slakrar þekkingar um þarfir barna með sérþarfir.

Rannveig Traustadóttir (2006) lýsir læknisfræðilegu sjónarhorni þar sem fötlun einstaklingsins er álitinn persónulegur harmleikur og skerðing hans er það sem hamlar honum til að lifa við sömu lífsgæði og aðrir. Þá er læknisfræðilegur skilningur sá að fatlað fólk sé háð öðru fólk, eru fórnarlömb og í þörf fyrir umönnun. Þessi skilningur á fötlun tekur ekki tillit til áhrifa frá umhverfinu né annarra aðstæðna.

Þegar horft er á fötlun með félagslegum skilningi er verið að benda á að umhverfið er það sem hamli einstaklinginn, þar sem hindranir eru að finna í umhverfinu og eiga þær þátt í að skapa fötlun einstaklingsins. Þá er talað um að takmarkanir sem koma í veg fyrir að einstaklingar geti öðlast sömu lífsgæði og aðrir komi frá félagslegum hindrunum en ekki einstaklingnum sjálfum. Þessar félagslegu hindranir geta verið neikvæð viðhorf samfélagsins, fordómar og aðengi sem hindra lífsgæði fólks með fötlun (Rannveig Traustadóttir, 2003).

3.6 Samantekt

Það er réttur allra barna að ganga í skóla og líða vel. Samkvæmt Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna eiga öll börn rétt á grunnenntun þar sem markmið hennar er að gefa börnum tækifæri til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og undirbúa sig fyrir að lifa ábyrgu lífi. Þá segir einnig í sáttmálanum að börnum með einhversskonar skerðingu ber að fá viðeigandi úrræði til að aðstoða þau til að vera virkir þátttakendur í samfélaginu. Salamanca yfirlýsingin endurspeglar markmiðin í Barnasáttmálanum þar sem í henni kemur fram að börn eiga rétt á að fá að vera þau sjálf og ber að nálgast þau með einstaklingsmiðaðri kennslu. Það má sjá sömu markmið í stefnu um skóla án aðgreiningar, aðalnámskrá grunnskóla og í grunnskólalögum þar sem einblínt er á að einstaklingurinn fái að njóta sín og skuli nám og kennsla vera aðlöguð að honum. Þá ber skólum að veita börnum með sérþarfir stuðning svo þau geti stundað skóla án aðgreiningar.

Tryggja ber öllum börnum jöfn tækifæri til náms og virkrar þátttöku í skólanum eins og segir í reglugerð um nemendur með sérþarfir í grunnskóla. Þegar litið er á fötlun með læknisfræðilegu sjónarhorni er verið að líta á fötlun einstaklings sem skerðingu og harmleik á meðan með félagslegu sjónarhorni er litið svo á að hindranir í samfélaginu komi í veg fyrir að einstaklingurinn geti tekið virkan þátt í samfélaginu.

4 Snemmtæk íhlutun

Í þessum kafla verður leitast við að skoða hugmyndafræði snemmtækrar íhlutunar, uppruna hennar og gildi. Snemmtæk íhlutun er íslensk þýðing af hugtakinu *early intervention*. Fyrri hluti hugtaksins vísar til þess sem gerist snemma á ævinni og síðara hugtakið til inngrips eða aðgerða. Þannig vísar hugtakið snemmtæk íhlutun til inngrips sem á sér stað snemma í lífi einstaklings (Department for Education, 2010).

4.1 Upphaf snemmtækrar íhlutunar

Áður fyrr var talið að ekki væri hægt að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með inngripum eða sérstakri kennslu en á síðari hluta tuttugustu aldar fóru fræðimenn að átta sig á að jafnvel mætti hafa áhrif á þroska barna með markvissum aðgerðum snemma á lífsleiðinni (Tryggvi Sigurðsson, 2001). Þáttaskil urðu í þessum efnum í byrjun sjöunda áratugsins þegar þeir Gyllenstein (1965) og félagar birtu rannsókn sína sem gerð var á dýrum en niðurstöður hennar sýndu að breytingar mældust í þroska miðtaugakerfisins hjá þeim dýrum sem fengu örvun frá umhverfi sínu á fyrstu mánuðum lífsins. Ef miðað var við þau dýr sem enga örvun fengu sást að ummál taugafruma, þyngd heila og virkni boðefna í heila var meiri hjá dýrum sem fengu örvun en þeim sem enga örvun fengu. Þessar niðurstöður þóttu benda til þess að hægt væri að hafa áhrif á starfsemi heilans með utanaðkomandi hætti. Rannsóknir sem komið hafa í kjölfarið sannreynðu þessar niðurstöður hjá börnum um að starfsemi heila er hvort í senn ósérhæfður og sveigjanlegur á fyrsta æviskeiðinu (Tryggvi Sigurðsson, 2008). Þá hafa rannsóknir einnig leitt í ljós að mikil tengsl eru á milli taugaþroska og umhverfisþátta, þannig er hægt að hafa áhrif á þroska einstaklinga með umhverfisþáttum. Þær rannsóknir sem hafa verið gerðar af þessum toga hafa sýnt fram á hversu mikilvæg fyrstu árin eru í þroskaferli barna og hversu mikil áhrif snemmtæk íhlutun getur haft á þroskaframvindu þeirra (Tryggvi Sigurðsson, 2001). Bloom segir að börn mótist af samfélagi sínu og umhverfið komi mikið að mótun barnsins. Þannig byggja börn ofan á reynslu sína sem mótast af umhverfi þeirra (Bailey, 1997).

Við þessar nýju uppgvötanir kom hugmyndin um snemmtæka íhlutun. Hugtakið snemmtæk íhlutun er gjarnan notað í margskonar samhengi, en fólk virðist leggja misjafna þýðingu í snemmtæka íhlutun. Það er gjarnan notað um þá þjónustu, kennslu og þjálfun sem er veitt með markvissum hætti óháð aldri einstaklingsins. Mikilvægustu hornsteinar snemmtækrar íhlutunar eru kenningar úr uppeldis- og kennslufræðum (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008).

Snemmtæk íhlutun á uppruna sinn að rekja til Bandaríkjanna en þar í landi hefur átt sér stað mesta þróun í fræðilegum og klínískum rannsóknum sem viðkemur ungum börnum með þroskafrávik. Í Bandaríkjunum hefur snemmtæk íhlutun verið skilgreind af menntamálaráðuneytinu sem íhlutun að fötluðum börnum, börnum í áhættuhóp vegna fatlana eða annara erfiðleika, frá fæðingu upp að sex ára aldri. Íhlutunin gengur út á veita þessum börnum og fjölskyldu þeirra viðeigandi þjónustu. Snemmtæk íhlutun getur verið læknanandi eða fyrirbyggjandi fyrir þroskavandamál. Íhlutunin getur beinst eingöngu að barninu eða barninu og fjölskyldunni. Þá getur snemmtæka íhlutunin, sem hægt er að skilgreina nánar sem skipulagðar aðgerðir, átt sér stað í skólum eða stofnunum, á heimilum, hjá fjölskyldum og sjúkrahúsum. Þessi skilgreining hjá menntamálaráðuneyti bandaríkjanna sýnir hversu margbreytileg snemmtæk íhlutun er (Tryggvi Sigurðsson, 2001).

Þá er lítil sem engin munur á skilgreiningunni á snemmtækri íhlutun á Íslandi og í Bandaríkjunum, iðulegast er hún framkvæmd á fyrstu sex árum barnsins en er þó framkvæmt síðar ef þörf þykir, íhlutunina skal þá hefja fyrr en síðar og markmið hennar er að hafa áhrif á þroska barnsins eða að fyrirbyggja eða eyða vanda sem barnið býr yfir. Þá er raunin sú að því meiri sem fötlunin eða þroskaskerðingin er því fyrr sé hafist handa. Grundvallarmarkmið íhlutunar er að hjálpa einstaklingnum með framvindu þroska og færni til aðlögunar síðar á lífsleiðinni (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008)

Frá upphafi rannsókna á áhrifum snemmtækrar íhlutunar á þroska fatlaðra barna hefur mikið verið spurt hvort hægt væri að hafa áhrif á vitsmunabroska og því margar rannsóknir gerðar til að svara þessari spurningu. Niðurstöður þeirra rannsókna sem gerðar hafa verið til að mæla og meta árangur af snemmtækri íhlutun á þroska fatlaðra barna sýna að ástæða er til að ætla að svo sé.

Þó er ekki hægt að segja til með vissu hvaða aðferðir henti til að örva vitsmunaproska, aðra færni eða þroska barna með misjafnar þarfir og fatlanir (Tryggvi Sigðurðsson, 2008).

Rune J. Simeonsson segir að snemmtæk íhlutun þjóni ýmsum tilgangi og misjöfnum hópum. Hann skiptir snemmtækri íhlutun í þrjú stig. Fyrsta stigs forvarnir snúast um almennt eftirlit og aðgerðir. Þá er eftirlitið nýtt í forvarnaskyni fyrir áhættuhópa, þá má nefna mæðravernd, ungbarnaeftirlit og slíkt. Annars stigs forvarnir og aðgerðir (íhlutun) eru aðgerðir fyrir börn í mikilli áhættu til að bæta núverandi ástand eða að koma í veg fyrir alvarlegri skaða. Þriðja stigs forvarnir eru aðgerðir til að bæta stöðu þeirra barna sem eru þegar með skilgreind vandamál, til að draga úr vandamálum, bæta stöðu þeirra og framtíðarhorfur (Jóna G. Ingólfssdóttir, 2008).

4.2 Vistfræðikenning Bronfenbrenner

Bronfenbrenner setti fram vistfræðikenninguna sem talar um að víxlverkunaráhrif séu á milli einstaklings og umhverfisins sem hann býr við, þannig hefur einstaklingurinn áhrif á umhverfið sitt og umhverfið á einstaklinginn. Bronfenbrenner segir að líffræðilegir þættir einstaklingsins og umhverfið móti og þrói einstaklinginn. Þannig útskýrir vistfræðikenningin hvernig umhverfi og samfélag hefur áhrif á einstaklinginn. Kenningin skiptist í fernt: micro, meso, exo og macro (Berk, 2007). Smákerfið (microsystem) er nánasta umhverfi einstaklingsins. Bronfenbrenner telur að smákerfið sé það umhverfi þar sem einstaklingurinn sé í beinum samskiptum við aðra einstaklinga sem standa honum næst, eins og systkini, foreldra, vini, skólafélaga og kennara. Hann telur að þessir hlutir hafi bein áhrif á þroska einstaklingins (Bronfenbrenner, 1979). Miðkerfi (Mesosystem) er það þegar nokkur nærkerfi mynda tengsl og víkkar það umhverfi einstaklingsins í allar áttir. Hérna er átt við samspil nokkurra þátta, til dæmis heimilis og vinnu. Fyrrum reynsla mannsins mótar hann og hefur áhrif á manninn. Til að mynda hafi barn upplifað höfnun í skóla gæti það haft áhrif á fleiri staði í lífi barnsins (Bronfenbrenner, 1979).

Exosystem eða stofnanakerfi á íslensku eru fyrir utan einstaklinginn og er kerfi sem við tengjumst ekki líkamlega heldur meira sálrænt, kerfið hefur áhrif á líf okkar. Kerfið samanstendur á ákvörðunum og tengslum sem einstaklingurinn er ekki beinn þátttakandi í en hafa þó áhrif á einstaklinginn og þroska hans. Eins og vinnustaður maka eða skóli barnsins svo dæmi séu tekin.

Til eru dæmi um að fólk hafi upplifað álag sem er á vinnustað makans eða foreldris án þess að hafa stigið fæti inn á vinnustaðinn (Bronfenbrenner, 1979).

Heildarkerfið eða ysta kerfið (macrosystem) fjallar um lög, reglur, gildi og viðmið samfélagsins. Þannig ef samfélagið leggur áherslu á mannleg gildi og þarfir einstaklingana þá skilar það sér sem stuðningur til fólksins (Berk, 2007).

4.3 Þróun snemmtækrar íhlutunar

Þær breytingar hafa orðið á snemmtækri íhlutun að nú lögð er meiri áhersla á heildræna fjölskyldunálgun út frá kenningum Bronfenbrenners þar sem fjölmargar rannsóknir hafa sýnt fram á að árangur á snemmtækri íhlutun sé háður þátttöku foreldra í íhlutuninni og þess stuðnings sem foreldrarnir fá með beinum eða óbeinum hætti (Tryggvi Sigurðsson, 2001). Einnig er nú lögð aukin áhersla á félagshæfni og hegðun, því talið er að það sé stór áhrifapáttur í hvernig barni vegnar innan skólakerfisins (Tryggvi Sigurðsson, 2008). Þá kemur einnig fram í rannsókninni *The Impact of Enhancing Students' Social and Emotional Learning: A Meta-Analysis of School-Based Universal Interventions* (Durlak, Weissberg, Dymnicki, Taylor, og Schellinger, 2011) sem gerð var í Bandaríkjunum á íhlutun, að félagshæfni og hegðun væri helsta áskorun skólakerfisins í dag.

Á undanförunum árum hefur verið aukin áhersla á að styðja og styrkja fjölskyldur þeirra barna sem þurfa á snemmtækri íhlutun að halda og sjónum verið beint að þjóðfélagslegum ávinningi snemmtækrar íhlutunar það er að segja að snemmtæk íhlutun sé fyrirbyggjandi aðgerð og því arðbær fjárfesting til framtíðar (Tryggvi Sigurðsson, 2001).

Rannsóknir hafa leitt í ljós nokkur atriði sem hafa áhrif á hversu farsæl íhlutunin verður og hver þeirra eru nauðsynleg til að hún beri árangur. Þar er fyrst að nefna að byrja eins snemma á íhlutun og auðið er eða um leið og grunsemdir vakna um að ekki sé allt með felldu hvað viðkemur hegðun eða þroskaframvindu hjá barninu (Department for Education, 2010; Tryggvi Sigurðsson, 2008). Í öðru lagi skiptir samvinna milli foreldra og fagaðila miklu máli þar sem foreldrar eru virkir þátttakendur líkt og fjölmargar rannsóknir hafa staðfest. Í þriðja lagi er mikilvægt að sá aðili sem veitir íhlutun verður að búa yfir þekkingu á vanda barnsins og jafnframt þekkja þær aðferðir til íhlutunar sem gagnast hverju sinni.

Í fjórða lagi er mikilvægt að íhlutunin eigi sér stað við eðlilegar aðstæður, það er að segja í þeim aðstæðum sem eru barninu eðlilegar eins og á heimili eða skóla (Tryggvi Sigurðsson, 2008). Þó geta verið tilvik um að barn þurfi íhlutun seinna á lífsleiðinni, eins og ef upp kemur vandi með þroskaframvindu hjá fjórtán ára barni sem hefur ekki verið áður, gæti hann þurft íhlutun (Tryggvi Sigurðsson 2001).

4.4 Gildi snemmtækrar íhlutunar

Gildi snemmtækrar íhlutunar hefur nokkrum sinnum verið rannsakað og í þeim rannsóknum hefur íhlutunin haft það markmiði að taka á ýmsum þáttum. Niðurstöður rannsókna hafa þó allar haft það sameiginlegt að benda á jákvæð gildi snemmtækrar íhlutunar.

Víðtæk samanburðar rannsókn var gerð í Bandaríkjunum á þeim skólum sem notuðu sértæka íhlutun sem fól í sér þjálfun á félags- og tilfinningarfærni barna á yngsta stigi grunnskóla upp í elsta stig grunnskóla. Rannsóknin var framkvæmd með því að taka saman rannsóknarniðurstöður þeirra skóla sem notað höfðu slíka íhlutun og niðurstöður þeirra bornar saman við skóla sem ekki höfðu notað slíka íhlutun. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu marktækan mun á félags og tilfinningafærni, hegðun og viðhorfi sem og framförum í námi (Durlak, Weissberg, Dymnicki, Taylor, & Schellinger, 2011).

Ein frægasta rannsókn sem gerð hefur verið á snemmtækri íhlutun á síðustu áratugum er Highscope rannsóknin og var hún gerð í Michigan í Bandaríkjunum árið 1962. Íhlutunin var gerð á fimmtíu og átta börnum á aldrinum þriggja til fjögurra ára, börnum sem talin voru í félagslegri áhættu og í hættu fyrir að mynda þroskaröskun. Íhlutunin var daglega í tvö ár áður en börnin fóru í leikskóla, mikið var lagt í íhlutunina og voru foreldrar barnanna hvattir til að taka þátt í íhlutuninni (Weikart, P. David, 1998).

Eftir íhlutunina var fylgst með þroskaframvindu barnanna sem fengu íhlutun og svo samanburðarhópi sem fékk ekki íhlutun. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að þau börn sem fengu íhlutun gekk mun betur í skóla og áttu lengri skólagöngu en þau börn sem enga íhlutun fengu. Við fimmtán ára aldur voru þau börn sem fengu íhlutun mun líklegri til að halda sig frá glæpum. Við nítján og tuttugu og sjö ára aldur hafði hópurinn sem fékk íhlutun mun sjaldnar gerst brotleg en þau sem ekki fengu íhlutun.

Munurinn var það afgerandi eða einungis 7% þeirra barna sem fengu íhlutun höfðu gerst brotleg en aftur á móti 35% þeirra sem enga íhlutun fengu höfðu gerst brotleg. Ástæða þess er talin til dæmis lengri og betri skólaganga þeirra sem íhlutun fengu. Rannsókn þessi er þekkt sem dollara sparnaðurinn og með því er átt við að með þessari snemmtæku íhlutun spöruðust sex dollarar. Íhlutunin var sögð kosta einn dollara á meðan íhlutun síðar á lífsleiðinni vegna afbrota kostar sjö dollarar (Weikart, P. David, 1998).

Þá var gerð önnur langtíma rannsókn, úrtakið var 104 börn sem áttu í félagslegum erfiðleikum og var þeim fylgt eftir til tuttugu og eins árs aldurs. Börnin fengu ýmist enga íhlutun, íhlutun á síðustu árum sínum í leikskóla eða fyrstu árum sínum í grunnskóla en þá voru nokkur sem fengu íhlutun á báðum stigum skólans. Í niðurstöðum rannsóknarinnar kom í ljós að þau börn sem fengu íhlutun í grunnskóla sýndu betri færni í lestri en þau börn sem enga íhlutun fengu. Einnig kom í ljós að þau börn sem fengu íhlutun á báðum skólastigum mældust með mun hærri vitsmunabroska en önnur og voru líklegri til að halda áfram í skóla og klára háskólanám (Campbell, Ramey, Pungello, Sparling og Miller-Johnson, 2002).

4.5 Samantekt

Til eru margar skilgreiningar á snemmtækri íhlutun en allar eiga það sameiginlegt að áhersla er lögð á mikilvægi þess að leitast sé við að hafa áhrif á þroskaframvindu barna með ýmis þroska eða hegðunarfrávik snemma á lífsleiðinni (Tryggvi Sigurðsson, 2001). Foreldrar spila orðið stærri og mikilvægari þátt í íhlutuninni, vegna þess hversu mikill áhrifavaldur þeir eru í lífi barna sinna, en eins og vistfræðikenning Bronfenbrenner segir eru víxlverkunaráhrif á milli einstaklingsins og umhverfisins. Þá er talið að með aukinni þátttöku foreldra í íhlutuninni náist betri og farsællri árangur. Þannig má segja að snemmtæk íhlutun í dag sé meira heildræn fjölskyldumiðuð íhlutun sem álitid er að skuli vera unnin af faglærðum aðila.

Eins og kemur fram í Highscope rannsókninni þá sparast fé með snemmtækri íhlutun. Því seinna sem gripið er inn í því dýrara er það (Weikart, P. David, 1998). En með snemmtækri íhlutun eru minni líkur á að það þurfi nokkuð inngrip í framtíðinni. Með snemmtækri íhlutun er verið að leitast við að hafa jákvæð áhrif á þroskaframvindu, félagshæfni eða aðra erfiðleika.

Úr niðurstöðum þessara rannsókna sem hér hafa verið nefndar má túlka það sem svo að það sé engin vafi á gildi snemmtækrar og markvissrar íhlutunar og svo virðist sem því fyrr sem byrjað er markvisst á íhlutun því meiri árangri skilar það.

5 Umræður

Þegar búið er að fara yfir skilgreiningu fyrir börn á gráu svæði, réttindi barna og snemmtæka íhlutun má sjá sameiginlega þætti sem tengja þessi þrjú atriði saman. Hér á eftir verður farið yfir hvernig þessi atriði tengjast, hvað þau eiga sameiginlegt og hvernig þessi tenging nýtist fyrir börn á gráu svæði.

Rannsókn Sigurborgar Ingu (2009) segir frá vanda barna á gráu svæði eins og komið hefur fram. Þar segir að börnum á gráu svæði henti vel einstaklingsmiðað nám því þau falli illa inn í hópamiðað. Þá eiga þau einnig hættu á að lenda í félagslegum vandræðum. Sigurborg Inga talar um námsvanda hjá börnum á gráu svæði og mikilvægi þess að upp komist um námsvandan sem fyrst. Erla Dögg (2013) skilgreinir einnig börn á gráu svæði sem eiga í vanda í grunnskólanum vegna erfiðleika í námi, eru með hegðunarvanda, félagsvanda og önnur fjölþætt vandamál. Þessi hópur barna eiga það einnig sameiginlegt að hafa ekki nógu mikinn vanda til að fá greiningu og því enda þau stuðningslaus innan grunnskólans. Börn á gráu svæði sem ekki hafa greiningu eiga einnig sameiginlegt að líða illa í skólanum vegna fjölþætts vanda og geta orðið fyrir einelti sökum þess (Erla Dögg., 2013; Sigurborg Inga, 2009). Þegar lög og réttindi barna eru skoðuð má strax sjá að öll börn eiga rétt á að njóta sömu lífsgæða og aðrir, segir það í Barnasáttmála sameinuðu þjóðanna og einnig má sjá þar í 23. grein að börn með einhverskonar skerðingar eigi rétt á að fá viðeigandi úrræði til að aðstoða þau til virkrar þátttöku í samfélaginu. Það er líka að finna í menntastefnu landsins, Skóla án aðgreiningar, að allir nemendur eiga rétt á að komið sé til móts við félagslegar og námslegar þarfir þeirra og skuli námið vera sniðið að þeim. Þá eigi skólar að vinna markvisst að því að koma í veg fyrir hindranir sem standa í vegi fyrir námi og þroska nemendanna.

Í umfjöllun um börn á gráu svæði bæði í rannsóknum og fjölmiðlum má sjá ríkjandi læknisfræðilegan skilning í skólakerfinu. Kerfið virðist mismuna börnum með því að bjóða sumum aðstoð á meðan önnur börn fá hana ekki. Börnum á gráu svæðinu gengur illa að fá aðstoð nema þau hafi greiningu því þá fylgi með þeim fjármagn. Barn virðist þurfa að hafa

skilgreinda fötlun svo það fái þá aðstoð og stuðning sem því vantar og má tengja það við læknisfræðilegn skilning á fötlun. Það er eins og komið hefur fram þegar litið er á að skerðing einstaklings komi í veg fyrir að hann geti tekið virkan þátt í samfélaginu á meðan Barnasáttmálinn og grunnskólalög leggja áherslu á að komið sé til móts við börnin á einstaklingsmiðaðan hátt og umhverfið aðlagað þeim. Réttindi barna ásamt grunnskólalögum miða öll að því að taka burt hindranir sem á vegi barna verða til að þau njóti lífsgæða og má sjá félagslegan skilning á fötlun endurspeglast þar sem hann leggur áherslu á að það er samfélagið og umhverfið sem komi í veg fyrir að einstaklingur með fötlun njóti sömu lífsgæða og aðrir í samfélaginu. (Umboðsmaður barna, e.d., Lög um grunnskóla, nr.91/2008, Rannveig Traustadóttir, 2003 og 2006) Skólakerfið er að starfa gegn menntastefnu landsins þegar það neitar barni um stuðning þar sem stefnan leggur aðaláherslu á að komið er til móts við nemendur á einstaklingsmiðaðan hátt.

Tryggvi Sigurðsson (2001) segir frá því að snemmtæk íhlutun er þegar íhlutun á sér stað til að hafa áhrif á þroskaframvindu barna snemma á lífsleiðinni. Íhlutunin skal hefjast fyrir en síðar til að fyrirbyggja að barn lendi í vanda. Snemmtæk íhlutun leggur áherslu á félagshæfni og hegðunarerfiðleika barna, því talið er að þau atriði hafi stór áhrif á velgengi þeirra innan skólakerfisins.

Rannsóknir um snemmtæka íhlutun hafa sýnt hversu mikil áhrif hún getur haft á þroskaframvindu barna og að hún sé mikilvægur þáttur til að koma til móts við börn sem eru í áhættuhópi til að lenda í vandamálum innan skólans (Tryggvi Sigurðsson, 2008). Sigurborg Inga (2009) tekur fram í rannsókn sinni mikilvægi þess að kennarar nýti sér niðurstöður úr skimunum og prófum hjá yngstu bekkjum grunnskólans til að finna út sem fyrst hvort barn eigi í einhversskonar erfiðleikum með námið eða félagstengsl til að koma í veg fyrir erfiða skólagöngu eftir því sem þau eldast. Þá telur hún mikilvægt að upp sé komið um námsvandann til að koma í veg fyrir frekari vandamál. Viðmælendur í rannsókn Erlu Daggar (2013) töluðu flest allir um að börnin sín hefðu byrjað að glíma við vandamál frá því í leikskóla og hafa þau aukist með aldrinum. Þá glíma flest öll við námsvanda sem veldur þeim mikilli vanlíðan í skólanum sem lýsir sér í pirringi og lélegri sjálfsmynd.

Sigurborg Inga (2009) sagði frá mögulegri ástæðu fyrir að yngri börnum á gráu svæði gengur betur að læra en þegar þau koma á efri stig grunnskólans. Þá telur hún að ástæðan sé að á yngri stigum er meira um fjölbreytta kennsluhætti, hópastarf og námið yfir höfuð óhefðbundið. Þegar komið er í eldri bekki og þá sérstaklega unglingsdeild dregur úr fjölbreytileikanum og voru kennarar með hefðbundnara nám. Í Highscope (2009) rannsókninni kemur fram að börn sem fengu íhlutun áttu mun auðveldara með nám í skólanum og einnig lengri skólagögnu að baki heldur en börn sem ekki fengu íhlutun. Börn sem enga íhlutun fengu áttu í mun meiri hættu á að gerast afbrotamenn síðar meir eða um 35% þeirra. Niðurstöður rannsóknar Cambell, Ramey og fl. (2002) sýna einnig betri færni í lestri hjá börnum sem tóku þátt og fengu íhlutun ásamt því að þau börn sem hlutu íhlutun á bæði leikskóla- og grunnskólastigi mældust með hærri vitsmunabroska heldur en börn sem ekki fengu íhlutun.

Eins og búið er að koma fram virðast skólarnir benda á fjárskort þegar kemur að stuðningsleysi fyrir barn, í Highscope (2009) rannsókninni kom fram að íhlutunin í skólanum kostaði um einn dollara á meðan íhlutun síðar á lífsleiðinni fyrir barn sem lendir í afbrotum kostar sjö dollara. Það má því sjá að fyrir samfélagið getur það verið fjárhagslegur ávinningur að kosta íhlutun í skólanum heldur en að borga undir íhlutanir ef barnið lendir í afbrotum.

Þegar búið er að skoða skilgreiningu á gráu svæðinu, réttindi barna og gildi snemmtækrar íhlutunar má sjá að þessi atriði tengjast. Kom það fram bæði í rannsóknunum og fjölmiðlum að fyrir börn á gráu svæði þarf að grípa snemma inn í áður en vandinn verður of stór til að takast á við. Í kaflanum hér á eftir verður leitast við að fjalla um mögulegar aðferðir og íhlutanir sem gætu að mati höfunda hentað börnum á gráu svæði í grunnskóla.

6 Íhlutunarleiðir

Eins og kemur fram í kaflanum hér á undan er snemmtæk íhlutun inngríp sem á sér stað snemma á lífsleiðinni. Sýnt hefur verið fram á þau jákvæðu áhrif sem snemmtæk íhlutun getur haft á þroskaframvindu barna og hversu mikilvægt sé að íhlutunin hefjist eins snemma og auðið er. Einnig hefur verið sýnt fram á að með skipulögðum hætti er hægt að hafa áhrif á þroskaframvindu barna og er það gæði stundanna sem skipta meira máli heldur en fjöldi tíma. Íhlutun getur verið með ýmsum hætti og er hægt að nota hinar ýmsu aðferðir og hugmyndafræði í íhlutuninni. Aðferðirnar sem fjallað verður um í þessum kafla eru Vinir Zippýs, Cat-kassi, ART, félagshæfnisögur og lífsleikni. Aðferðirnar eiga það sameiginlegt að vinna með félagshæfni, eflingu á sjálfsmynd og erfiða hegðun. Sumar þessara aðferða eru nú þegar inn í skólastarfi, en aðrar eru ekki tvinnaðar inn í námsefni barna, en væri hægt að nýta í íhlutun þeirra. Síðustu tvær íhlutunaraðferðirnar, Fjölkerfameðferðin og Huglæg atferlismeðferð eiga það sameiginlegt að tengjast meira inn á heimilið og aðstæðum þar. Eins og kom fram í kaflanum snemmtæk íhlutun er meiri áhersla lögð á fjölskyldumiðaða nálgun nú en áður þar sem rannsóknir hafa sýnt að með aukinni þátttöku foreldra næst betri og farsælli árangur.

6.1 Vinir Zippýs

Vinir Zippýs, eða Zippy's Friends, er alþjóðlegt forvarnaverkefni sem ætlað er að vinna með geðheilsu barna. Námsefnið er fyrir börn á yngsta stigi grunnskólans og hefur reynst mjög vel víða um heim. Bresku góðgerðarsamtökin Partnership for children sjá um að semja og dreifa efninu, nú er það kennt í yfir tuttugu og átta löndum þar á meðal Íslandi (Landlæknir, 2012).

Námskeiðið er kennt í eina klukkustund á viku í tuttugu og fjórar vikur, kennari sem sér um kennslu á Vinir Zippýs þarf að hafa hlotið þjálfun í kennslu á námsefninu. Barna- og unglíngageðdeild Landspítalans (BUGL) hefur notast við námskeiðið frá því árið 2008 fyrir yngstu skjólstæðinga þeirra til að efla tilfinningaþroska og félagshæfni þeirra.

Þá hafa rannsóknir sýnt að námskeiðið ber góðan árangur og sýndi það að börn sem höfðu farið í gegnum námskeiðið sýndu greinilegar framfarir í því að takast á við vandamál á jákvæðan hátt samanborið við börn sem höfðu ekki farið í gegnum námskeiðið. Námskeiðið er metið með sömu aðferðum í öllum löndum og er því með alþjóðlegan samanburð (Landlæknir, 2012).

Lögð er mikil áhersla á aðkomu foreldra að námskeiðinu, foreldrar eru fengnir á kynningarfund og námsefnið kynnt. Einnig eru þeim gefnar leiðbeiningar til að aðstoða barn sitt til að hafa sem mest gagn af námskeiðinu (Landlæknir, 2012).

6.2 CAT-kassinn

CAT-kassinn er hugræn tilfiningaleg þjálfun, en skammstöfuninn stendur fyrir Cognitive Affective Training. CAT-kassinn var upphaflega framkvæmdur í Danmörku og var í upphafi einungis fyrir nemendur með raskanir á einhverfurófinu. Seinna kom í ljós að Cat-kassinn nýttist einnig börnum með eðlilegan þroska sem eiga jafnframt við margvísleg önnur vandamál að stríða. Markmið CAT-kassans er að aðstoða börn og unglinga við samtöl, hann aðstoðar þau við að auka skilning á sjálfum sér og öðrum, byggja upp betri félagsleg samskipti og skilja eigin hegðun betur. Unnið er út frá upplifun barnsins, því er hjálpað að koma samhengi á eigin tilfiningar og hugsanir og hvernig þessir þættir stjórna athöfnum þess (Callesen, Nielsen og Attwood, 2005).

CAT-kassinn er vinnumappa sem er full af lifandi og litríkum spjöldum sem styður við samræður milli barnsins og annara aðila. Spjöldin er hægt að nota hvert í sínu lagi, saman eða jafnvel með fleiri gögnum.

Í möppunni eru eftirfarandi: CAT-líkan, mælir, níu grunntilfinningar, líkaminn, hjólið, hegðunarspjald, CAT merkimiðar, tímatöflur, og hringirnir mínir. Einnig eru fjórar bækur: tilfiningabók, hrósbók, áhugabók og dagbók (Callesen, Nielsen og Attwood, 2005)

Það er ekki meðfætt að þekkja, skilja, stjórna og geta tjáð tilfinningar sínar, en þetta er færni sem lærist smám saman og lærist mis vel. CAT-kassinn er notaður samhliða samræðum og með þeim er unnið að því að barnið nái þeirri færni í félagslegum samskiptum og þekkingu á sínum eigin tilfiningum sem það þarfnast til að takast á við lífið (Callesen, Nielsen og Attwood, 2005).

CAT kassinn er því verkfæri til að nýta í vinnu með börnum með einhverskonar vanda. Þjálfunin gengur út á að barnið verði meðvitað og þekki sínar tilfinningar, athafnir og hugsanir og öðlist þannig aukna sjálfsvitund og sjálfstraust.

6.3 ART

ART (e. Aggression Replacement Training) er reiðistjórnunarnámskeið sem byggir á þremur grunnatriðum, Félagshæfnipjálfun (e. *Skillstreaming*), Reiðistjórnun (e. *Anger control training*) og eflingu siðgæðisþroska (e. *Moral reasoning training*). Upphafismaður ART var prófessorinn Arnold P. Goldstein og hefur meðferðin verið í þróun síðan á sjöunda áratugnum. Aðferðin er árangursrík til að fyrirbyggja og koma í veg fyrir erfiða hegðun hjá börnum og unglingum, t.d. hjá þeim einstaklingum sem eru með þroska- og atferlissröskun. ART þjálfunin er notuð í skólum, í stuðningsúrræðum sveitafélaga, á BUGL, Stuðlum og einnig hefur hún verið aðlöguð fullorðnum (Brúarskóli, e.d. , BUGL, Halldór Hauksson, e.d.).

ART þjálfunin er miðuð við tíu vikur í senn, þrjá tíma á viku. Algengast er að 4-8 einstaklingar séu saman í hóp og er nauðsynlegt að hafa takmarkaðan fjölda ef einstaklingarnir eru getulitlir. Þjálfunin samanstendur af tveim þjálfurum sem þurfa að vera nemendum sínum miklar fyrirmyndir. Þjálfararnir framkvæma færni hvers tíma fyrir nemendum sem síðan æfa hana sjálfir með hlutverkaleikjum og heimaverkefnum. Með þessum verkefnum þjálfast nemendurnir í færni hvers tíma og eiga auðveldara með að tileikna sér hana (Brúarskóli, e.d.).

Dæmi um færni eru: Að skilja tilfinningar annara, að útskýra tilfinningar sínar, að undirbúa sig fyrir erfiðar samræður, að takast á við reiði annarra, að hjálpa öðrum, að takast á við áskanir, að bregðast við mistökum, að halda sig frá slagsmálum, að takast á við hópþrýsting og að bera fram kvörtun (Halldór Hauksson, e.d.).

Reiðistjórnun er einn partur af ART þjálfun. Þar er lögð áhersla á að læra að umgangast erfiðar tilfinningar t.d. reiði. Í þjálfuninni er nemendum kennt hvernig þeir geta þekkt einkenni reiðinnar áður en hún kemur þeim í vandræði. Þá er þeim kennt að bergðast við áður en reiðin brýst út með ofbeldi (Halldór Hauksson, e.d.).

6.4 Félagshæfnisögur

Eins og búið er að koma fram hér í fyrri köflum geta börn á gráu svæði oft átt erfitt með félagslegar aðstæður og daglegar athafnir. Til að aðstoða þau við að ná betri tókum á þessum aðstæðum væri hægt að notast við félagshæfnisögur.

Markmið með félagshæfnisögum er að auðvelda einstaklingum til að læra og skilja æskilega hegðun í félagslegum aðstæðum. Þá eru sögurnar notaðar til að fyrirbyggja óæskilega hegðun með því að lýsa á nákvæman hátt þeim aðstæðum sem hann á erfitt með. Félagshæfnisögur voru fyrst skilgreindar árið 1991 af Carol Gray, en hún hefur langa reynslu af því að vinna með börnum með einhverfu. Sögurnar lýsa félagslegum aðstæðum, þær geta verið nákvæmar upplýsingar til að útskýra vissar athafnir og þeim skipt niður í litla hluta, þá er einnig hægt að tengja sögurnar við reglur hvort sem er í skólanum eða heima fyrir (Gray, e.d.).

Félagshæfnisögurnar eru stuttar, oftast ein A4 blaðsíða. Sagan er lesin fyrir barnið áður en farið er í þær aðstæður sem er verið að æfa, einnig er hægt að lesa söguna fyrir svefn eða annarsstaðar til að rifja hana upp ef þörf er á. Sagan er hnitmiðuð og mjög skýr, hún þarf að vera jákvæð og skrifuð eins og hún sé skrifuð af barninu, heiti sögunnar er alltaf mjög lýsandi t.d. „Þegar ég fer út“. Leitast er við að hrósa barninu í sögunni og endar sagan iðulegast á eitthverju uppbyggilegu eins og „ég er dugleg stelpa sem finnst gaman í skólanum“ Þá skal sagan vera skýr, hnitmiðuð og með hæfilegum kröfum. Gott er að hafa myndir sem tengjast sögunni hjá yngri börnunum en meiri texta hjá þeim eldri. Þá ber að forðast fullyrðingar og neikvæð orð eins og „aldrei“ og „ekki“. Sagan skal lýsa hvernig bregðast skal við í þeim aðstæðum sem barnið er að þjálfra og er hún notuð þangað til að barnið hefur náð tókum á þeim aðstæðum sem sagan fjallar um (Sigrún Hjartardóttir og Margrét Valdimarsdóttir, 2011).

6.5 Fjölkerfameðferð (MST)

Fjölkerfameðferð er meðferðarúrræði fyrir börn með mikinn hegðunarvanda. Úrræðið er á vegum Barnaverndarstofu fyrir fjölskyldur barna á aldrinum tólf til átján ára. Með hegðunarvanda er átt við hótanir og líkamlegt ofbeldi, lögregluafskiptum, vímuefna Fjölkerfameðferðin fer fram sem íhlutun inn á heimili barnsins, því skal barnið búa inn á því heimili sem er tekið til meðferðar.

Meðferðin snýr að öllum í nærumhverfi barnsins, foreldrum, nánustu aðstandendum, skólanum, félagahópnum og tómstundum. Sérhæfður meðferðaraðili í fjölkerfameðferð hittir foreldra og barn ef aðstæður leyfa á heimili barnsins. Þá er iðulegast stefnt að því að bæta samskipti og samheldni innan fjölskyldunar, þá er hugað að tengslum og samráðum foreldra og annara lykilaðila í nærumhverfi barnsins (Barnaverndarstofa, e.d).

Meðferðaraðili og fjölskyldan setja saman skýr meðferðarmarkmið sem taka mið af vanda barnsins. Meðferðin er aðlöguð að þörfum hvarrar fjölskyldu og lögð er áhersla á að finna leiðir til að höfða til styrkleika einstaklinganna og umhverfisins. Markmiðin sem eru sett eru svo metin á viku fresti. Þá eru einnig leiðir að markmiðinu endurskoðaðar og skoðað hversu miklu af markmiðinu hefur verið náð. Fjölkerfismeðferðin er að hámarki 5 mánuðir að lengd en algeng lengd meðferðarinnar er 3- 5 mánuðir (Barnaverndarstofa, e.d).

Þetta meðferðarúrræði hefur verið þróað út frá rannsóknum á því hvað virkar í meðferð á hegðunarvanda barna. Þeir fagaðilar sem starfa að fjölkerfameðferðinni fara reglulega í þjálfun í aðferðum meðferðarinnar, þá er einnig kannað hvort meðferðaraðilarnir haldi sig ekki við aðferðir meðferðarinnar með matslistum. Einstaklingsbundin markmið geta verið mismunandi en endurspeglast þó í yfirmarkmiðinu sem gæti verið: að stunda nám eða vinnu, nota ekki vímuefni, beita ekki ofbeldi, komast ekki í kast við lögin eða það að geta búið heima. Árangur meðferðarinnar er svo metinn út frá heildarmarkmiða-setningunni sem sett er í byrjun og er svo skoðaður þegar að meðferð lýkur og svo aftur eftir sex, tólf og átján mánuði (Barnaverndarstofa, e.d).

6.6 Hugræn Atferlismeðferð (HAM)

Hugræn atferlismeðferð er meðferðarúrræði sem notast við gagnsæjar aðferðir til að takast á við ýmis vandamál hjá einstaklingum. Lögð er áhersla á að leysa vandamál einstaklings með markvissum aðferðum. Meðferðarformið gerir fólki kleift að ná sértækum breytingum og markmiðum. HAM getur hjálpað fólki með markmið og vandamál á borð við: Tilfiningaleg markmið eins og að draga úr kvíða, ótta eða þunglyndi, losa sig við neikvæðar og niðurdrepandi hugsanir með því að læra nýjar leiðir, samskiptavanda, eða líkamlega kvilla.

Algenzt er að fólk fái aðstoð Hugrænnar atferlismeðferðar til að vinda ofan af lífsvenjum eða ná betri tökum á eigin lífi. Hugræn atferlismeðferð er meðferð sem er í núinu og lítur lítið til fortíðar. Meðferðarúrræðin ná til einstaklinga, foreldra, barna, hjóna og heilla fjölskyldna (Dattilio, M. Frank og Eiríkur Örn Arnarson, e.d).

7 Lokaorð

Upp vakna margar spurningar þegar skoðaðar eru skilgreiningar barna á gráu svæði. Hvers vegna er til svæði eða staður í skólakerfinu þar sem börn passa ekki inn? Hvers vegna eru börn að tynast í kerfinu og af hverju þurfa börn að lifa með vanda án þess að fá aðstoð? Þegar búið að er að skilgreina gráa svæðið kemur í ljós að þetta eru börn sem hafa skilgreindan vanda en hann er ekki nógu mikill til að grunnskólinn geti veitt þeim aðstoð. Eins og kom fram í kaflanum um réttindi barna brýtur þetta á bága við það sem stendur þar. Ekkert barn á að lifa með vanda ef farið væri eftir mannréttindayfirlýsingu Sameinuðu þjóðanna. Þar kemur skýrt fram að öll börn eiga rétt á sömu lífsgæðum og aðrir. Þá kemur það einnig skýrt fram í menntastefnu landsins að allir skólar eiga að koma í veg fyrir hindranir og aðstoða öll börn til að njóta skólagöngunnar.

Snemmtæk íhlutun virðist í fljótu bragði hafa öll þau vopn á hendi til að geta komið í veg fyrir að börn lendi á gráu svæði. Til að það geti gerst þarf að vinna markvisst með íhlutun og byrja fyrr. Það sýndi sig í rannsókn Sigurborgar Ingu að þau börn sem álitin voru á gráu svæði áður en íhlutunin hófst náðu fjórtán af tuttugu börnum sér á strik aftur eftir að hafa hlotið íhlutun. Íhlutunin fól í sér fjölbreytta kennsluhætti og ígrundun kennara um viðhorf sitt í garð kennslunnar. Þá hefur það sýnt sig í rannsóknnum um snemmtæka íhlutun að ef íhlutun byrjar nógu snemma er hægt að hafa áhrif á þroskafrámvindu barna. Börn á gráu svæði þurfa á því að halda að skólasamfélagið breyti viðhorfum sínum og viðurkenni margbreytileikan sem þar ríkir, ekkert barn er eins og verður að gefa hverjum og einum tækifæri á að vera einstakur.

Við veltum fyrir okkur ef skólar myndu starfa markvisst eftir menntastefnu landsins, skóli án aðgreiningar, með því að koma til mót við nemendur á einstaklingsmiðaðan hátt og margbreytileikinn viðurkenndur myndi þá ekki börnum á gráu svæði fækka eða myndi jafnvel gráa svæðið heyra sögunni til?

8 Heimildaskrá

Aðalnámskrá grunnskóla: Almennur hluti 2011: Greinasvið 2013/2013.

Andri Karl Ásgeirsson. (2008, 26. ágúst). Nóg til af plássum. *Mbl.is*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1238041/>

Bailey, Donald B.Jr.(1997). Evaluating the Effectiveness of Curriculum Alternatives for Infants and Preschoolers at Higest Risk. Í M.J . Guralnick (ritstj.), The Effectiveness of Early Intervention (227-247). Baltimore, MD: Paul H. Brookes Publishing Co, Inc.

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir. (2009a, 8. janúar) Einhverf börn greinast loks. *Mbl.is*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1263285/>

Bergþóra Njála Guðmundsdóttir. (2009b, 8. janúar) Fjölbreytt úrræði nauðsynleg. *Mbl.is*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1263329/>

Berk, L. E. (2007). Development Through the Lifespan. Boston: Pearson/Allyn and Bacon.

Bronfenbrenner, U. (1979). *The Ecology of Human Development*. Cambridge, MA: Harvard University Press. Cat-kit.com. (e.d.). Hvað er Cat-kasinn? Sótt af <http://www.cat-kit.com/?lan=is&area=catbox&page=catbox>

Campbell, F.A., C.T. Ramey, E. Pungello, J.Sparling og S. Miller-Johnson (2002). Early Childhood Education: Young adult outcomes from the abecedarian project. *Applied Developmental Science*, 6 (1), 42-57.

Carol Cray. (e.d). What Are Social Stories™? Sótt af <http://www.thegraycenter.org/social-stories/what-are-social-stories>

Dattilio, M. Frank og Eiríkur Örn Arnarson. (e.d). *Útbreiðsla og mikilvægi hugrænnar atferlismeðferðar á sviði sálrænnar meðferðar*. Sótt af <http://kirkjan.net/wpfelham/wp-content/uploads/2012/09/hamgrein1.pdf>

Department for Education (2010). *Early Intervention: Securing Good Outcomes for All Children and Young People*. Sótt af <http://dera.ioe.ac.uk/11385/1/DCSF-00349-2010.pdf>

Durlak, J. A., Weissberg, R. P., Dymnicki, A. B., Taylor, R. D., & Schellinger, K. B. (2011). The Impact of Enhancing Students' Social and Emotional Learning: A Meta-Analysis of School-Based Universal Interventions. *Child Development*, 82(1), 405-432.

Erla Björg Gunnarsdóttir. (2013, 13. febrúar). Börnin á brúninni: Festast í gildru á gráa svæðinu. *Fréttablaðið*, bls. 10.

Erla Dögg Kristjánsdóttir. (2013). „*Hann er ekki nógu lélegur til að fá stuðninginn sem hann þarf*“ Viðhorf foreldra til stuðnings og þjónustu innan grunnskólans. (Meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/16959>

Gyllensten, L., Malmfors, T., & Norrlin, M.L. (1965). Effect of Visual Deprivation on the Optic Centers of Growing and Adult Mice. *Journal of Comparative Neurology*, 126(3), 149-160.

Landlæknir. (2012, 18. september). Vinir Zippý's. Sótt af <http://www.landlaeknir.is/heilsa-og-lidan/verkefni/item17786/Vinir-Zippys>

Kristinn Ingvarsson. (2014, 5. mars). Það vildi enginn taka við honum. *Mbl.is*. Sótt af http://www.mbl.is/frettir/innlent/2014/03/05/enginn_annar_vill_taka_vid_honum/

Lög um grunnskóla nr. 91/2008

Margrét Valdimarsdóttir og Sigrún Hjartardóttir. (2011). *Að gera félagshæfnisögur*. Sótt af <http://www.greining.is/is/fraedsla-og-namskeid/hagnytt-efni-1/ad-gera-fealgshaefnisogur>

Menntamálaráðuneytið. (1995). Salamanca yfirlýsingin og rammaáætlun um aðgerðir vegna nemenda með sérþarfir. Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.

Páll Magnússon (1997) Einhverfurófið. *Umsjón 20 ára*, 97, 11-14.

Páll Magnússon (2012). *Einhverurófið*. Sótt af <http://einhverfa.is/ahugaverdargreinar?start=4>

Rannveig Klara Matthíasdóttir. (2012). *Skóli án aðgreiningar: Viðhorf sérkennara í grunnskólum til stefnunnar skóli án aðgreiningar* (Meistararitgerð). Sótt af <http://hdl.handle.net/1946/13175>

Rannveig Traustadóttir. (2003). *Fötlunarfræði: Sjónarhorn, áherslur og aðferðir á nýju fræðasviði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Rannveig Traustadóttir. (2006). *Fötlun: Hugmyndir og aðferðir á nýju fræðasviði*. Reykjavík: Háskólaútgáfan

Reglugerð um sérkennslu 585/2010

Sigríður Víðis Jónsdóttir. (2006, 30. apríl). Verkefni eða vandamál: Barnið þitt kostar bara of mikið. *Mbl.is*. Sótt af <http://www.mbl.is/greinasafn/grein/1079599/>

Sigurborg Inga Sigurðardóttir. (2009). *Fimleikahópar eða farþegar: Nemendur á gráu svæði í grunnskóla*. (Meistararitgerð). Sótt af http://skemman.is/stream/get/1946/4087/11630/1/M.Ed.i_snidmati.pdf

Tryggvi Sigurðsson. (2001). Snemmtæk íhlutun: markmið og leiðir. *Glæður*, 11(1), 39–44.

Tryggvi Sigurðsson. (2008). Snemmtæk íhlutun: yfirlit og áherslur. Í Bryndís Halldórsdóttir, Jóna G. Ingólfssdóttir, Stefán J. Hreiðarsson, og Tryggvi Sigurðarsson (ritstj.), *Þroskahömlun barna. Orsakir- eðli – íhlutun*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.

Weikart, P. David. (1998). Changing Early Childhood Development through Educational Intervention. Sótt af <http://www.sciencedirect.com/science/article/pii/S0091743598902808>

Umboðsmaður barna. (e.d.). Barnasáttmáli sameinuðu þjóðanna. Sótt af http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/barnasattmalinn_i_heild/

Þórhildur Líndal (ritstjóri). (2007). *Barnasáttmálinn: Rit um samning sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins með vísun íslenskt lagaumhverfi*. Reykjavík: Prentsmiðjan Oddi. *Þroskahjálp*, 27(1)21-23.